

## MINNISBLAÐ

**Verkefni:** Grófarhús - hönnunarfasi

**Svið:** Reykjavíkurborg, Menningar- og íþróttasvið

**Dagsetning:** 8. Október 2024

**Verkefnastjórn:** Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir

**Til:** Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

### Staða verkefnis:

Hönnunarfasi er yfirstandandi, Reykjavíkurborg, hönnunarteymi JVST og Efla hafa gert með sér hönnunarsamninga fyrir 2024 og 2025.

Víðtækt samráð hefur verið viðhaft allt hönnunarferlið, hvort sem er við notendur bókasafnsins, aðra borgarbúa, starfsfólk, félagasamtök eða aðra hagaðila. Skýrsla um notendasamráð hefur áður verið kynnt fyrir ráðinu. Síðasta samráð var á vinnustofu í Rotterdam dagana 24.-28. október.

Unnið er eftir RIBA fösum við verkefnastjórn. RIBA er breskt verkefnastjórnunarkerfi sem rímar við BREEAM kerfið. Stefnt er að því að Grófarhús fái BREEAM vottunina „Very Good“ til „Excellent“. Það yrði fyrsta endurbóta verkefnið með þá vottun og þar með gjaldgengt í **græna fjármögnun**.

„Concept Design“ fasa er að ljúka með útgáfu á **Concept Design Report** skýrslu sem inniheldur upplýsingar um núverandi stöðu og yfirlit yfir þá vinnu sem komin er í RIBA 2 fasa. Skýrslan er í yfirllestri hjá hagaðilum og starfsmönnum borgarinnar sem vinna að verkefninu. Síðasti fasinn í RIBA 2 er að uppfæra skýrsluna í næstu viku með þeim athugasemdum sem hafa borist. Það telst góð verkefnastjórn að taka sem flestar athugasemdir inn snemma í ferlinu til að koma í veg fyrir dýr mistök síðar. Búið er að taka inn burðarþol, brunahönnun, starfsemi, notkun og annað sem hefur mestu áhrif á skipulag, kostnað og flæði í byggingunni. Einnig gerði hollenska fyrirtækið BOOT úttekt og vann í kjölfarið 400 blaðsíðna skýrslu þar sem fram kemur hvað hægt er að endurnýta og endurvinna úr núverandi húsnæði. Hönnunarteymið leggur mikinn metnað í að ná að endurnýta það sem hægt er og útfærir það á áhugaverðan hátt í uppfærðri hönnun.

Á þessu stigi liggja fyrir allar helstu hönnunarforsendur og samkvæmt hönnunarsamningi er unnið út frá aðferðafræðinni „Design to budget“. Það þýðir að hönnunarteymið hannar og uppfærir hönnun út frá kostnaðarmati. Því eru forsendur raunverulegar í nýju kostnaðarmati.

Nýtt kostnaðarmat er í lokavinnslu hjá Eflu verkfræðistofu og fyrstu tölur sýna að verkefnið er innan þeirra marka sem lagt var upp með og samþykkt var 22. júní í borgarstjórn í fyrra, eða **5.300 m.kr.** Áætlunin frá Eflu er í dag:

Framkvæmdakostnaður: 4.159.788.000 kr.

Hönnun og verkefnastjórn: 1.164.740.640 kr.

**Heildarkostnaður: 5.324.528.640 kr.\***

Samkvæmt þessum tölum er ekki talin þörf á viðbótarfjármagni á líftíma verkefnis.

\*með fyrirvara um lokaáætlun í næstu viku

Nýjar teikningar eru að finna í Concept Design Report þar sem tillit hefur verið tekið til athugasemda og hugmynda út frá notendasamráði. Uppfærðir fermetrar Grófarhúss verða **5.977 m<sup>2</sup>**. Við stækkun Grófarhúss mun það geta tekið á móti **600 manns** í húsið í einu, en getur í dag tekið á móti 350 manns og verður það því kærkomin og þörf stækkun.

Næstu skref í verkefninu er að fara yfir á næsta fasa, RIBA 3 sem er Fullnaðarhönnun. Áætlað er að vinna hana árið 2025 og klára í byrjun árs 2026. Stefnt er á að því að endurgerð Grófarhúss ljúki í lok árs 2029.

Kynning fylgir þessu minnisblaði í Pdf skjali - Kynning fyrir MÍR ráðið 11. Október 2024: Kaflinn um Grófarhús. Uppfært Concept Design Report verður sent til ráðsins þegar allar athugasemdir hafa borist.

Fyrir frekari upplýsingar sendið póst til: [Gudrun.lilja.gunnlaugsdottir@reykjavik.is](mailto:Gudrun.lilja.gunnlaugsdottir@reykjavik.is)